

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

45. fundur.

að Hlíðavegi 6, .10. 2004, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá 7. sept. Frestað á 43. fundi.
3. Tillögur sameiningarnefndar um breytingar á sveitarfélagaskipan.
4. Fundargerð skólanefndar frá 19. október.
5. Bréf Kísiliðjunnar vegna fyrirspurnar frá síðasta fundi.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Yngvi Ragnar Kristjánsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að 5. máli yrði bætt á dagskrá. Samþykkt samhljóða.

2. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga frá 7. sept. Frestað á 43. fundi.

Sveitarstjóri kynnti efnisleg drög að svari til Eftirlitsnefndarinnar. Sveitarstjóra falið að senda nefndinni svör í samræmi við drögin í samstarfi við endurskoðanda hreppsins.

3. Tillögur sameiningarnefndar um breytingar á sveitarfélagaskipan.

Rætt var vítt og breitt um þær tillögur sem sameningarnefnd hefur gert. Samþykkt að fara þess á leit að sveitarstjórnir á svæðinu efni til sameiginlegs fundar um tillögurnar.

4. Fundargerð skólanefndar frá 19. október.

Fundargerðin þarfnast ekki ályktunar við.

5. Bréf Kísiliðjunnar vegna fyrirspurnar frá síðasta fundi.

Borist hefur svar frá Kísiliðjunni vegna fyrirspurnar sveitarstjórnar um olíugeymi. Leitað hefur verið allra leiða til að finna geyminn, en ekki tekist enn. Leit verður haldið áfram.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðrún María Valgeirsdóttir,

Jón Óskar Ferdinandsson,

Kristján Stefánsson,

Yngvi Ragnar Kristjánsson,

Böðvar Pétusson.